

# Stjórnarfundur 4. febrúar 2026

Siglingafélagið Vogur – Garðabæ

## Fundinn sátu

- Erlendur Kristjánsson – Formaður
- Katrín Guðmundsdóttir
- Helga Raket Guðrúnardóttir
- Friðbjörn Óskar Erlingsson
- Jón Víðir Þorsteinsson
- Árni Friðrik Guðmundsson

## Dagskrá

1. Undirbúningur fyrir aðalfundinn 18. febrúar
  - a. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum sem þarf að ljúka fyrir aðalfund
    - i. Undirbúa ársreikning og fá skoðunarmenn til að kvitta upp á
  - b. Auglýsing í Facebook hópi komin – þurfum kannski að búa til Event?
  - c. Spurning að tékka á Garðapóstinum og auglýsa aðalfundinn þar svo og í hverfisgrúppum á Facebook
2. Siglingarþing 21. febrúar
  - a. Árni ætlar að staðfesta hversu marga fulltrúa við erum með. Höldum að það séu tveir.
  - b. Margir í fríi fyrir utan bæinn þegar Siglingarþing er haldið út af því að það er helgin sem Vetrarfrí er í skólum.
  - c. Helga er líklegast laus og gæti farið en svo er líka gott að auglýsa eftir fulltrúum á aðalfundinum.
3. Vefsíða
  - a. Reyna að setja nýja vefsíðu í loftið fyrir aðalfund
  - b. Helga sendir uppkast af grind á Friðbjörn
  - c. Safna saman myndum til að nýta á vefsíðu og fyrir kynningar s.s. á aðalfundi
4. Facebook
  - a. Núverandi hópur er læstur og þarf því að gera upp á nýtt
  - b. Gera opna „like“ síðu fyrir félagið þar sem hægt er að senda tilkynningar um starf félagsins

- c. Þurfum að reyna að koma þeim sem eru í núverandi hópi, sem eru um 1.100 manns yfir á nýja Facebook síðu
- 5. Almenn umræða um aðstöðumál við Ránargrund
- 6. Abler – Helga ætlar að senda bréf fyrir hönd stjórnar til íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar varðandi stuðning til að setja upp Abler fyrir félagið
- 7. Betri Garðabær verkefni – Helga ætlar að senda póst til að fá peningana sem veitt var í skol-aðstöðu verkefnið í gegnum Betri Garðabær. Mikilvægt fyrir ársreikning.

Fundargerð ritaði: Helga